

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



<b>Dags eftirlits</b>	1.6.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurá Stekkjarvík	<b>Eftirlitsmaður</b>	Eva Dögg Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Skagfirðingabraut 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5602060620	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Viggósson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús B. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	441620,709 580284,876

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engin athugasemd var gerð. Unnið er eftir úrbótaáætlun varðandi tvö eldri frávik.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Ekki er unnið eftir ákveðnu umhverfisstjórnunarkerfi en umhverfismarkmið eru aðgengileg á heimasíðu rekstraraðila.

Rekstraraðili vinnur skv. úrbótaáætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 10. apríl sl. varðandi tvö eldri frávik. Mælingar á hauggasi voru framkvæmdar af Eflu verkfræðistofnu skv. áætlun, síðasta sumar, þann 4. júní, 14. júlí og 25. ágúst. Mælt var bæði í rörum SG-01 - SG-03 sem og rörum sem liggja undir úrganginum og safna gasi úr botni fláa, merkt G1 – G5. Styrkur metans í SG rörum var á bilinu 56,4% og 61% og álíka í G rörum eða 45% -59%. Reiknað er með að urðunarhaugurinn nái fullri hæð í lok árs en ekki er hægt að gera varanlegar sýnatökuholur í hauginn fyrr en því er náð.

Þvottaplan er tengt olíuskilju en það er ekki í notkun. Ekki hefur verið tæmt úr hreinsivirki staðarins frá því í síðasta eftirliti en er það gert einu sinni á ári. Var það síðast gerð þann 7. okt. sl. Gerðar eru sigvatnsmælingar í lok hvers mánaðar, tekið er úr fitugildru, setubeði og brunnum. Niðurstöður mælinganna eru birtar í grænu bókhaldi rekstraraðila og voru einnig afhendar eftirlitsaðila í eftirlitinu.

Sýnatökur í fráveituvatni frá Stekkjarvík eru framkvæmdar af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra og voru síðustu mælingar framkvæmdar í maí 2016. Greina má aukningu í nitur og klór, króms, baríum og nikkels, einnig var níturat meira en venjulega. Meira hefur verið urðað af saltmengudum úrgangi nú en undanfarið og gæti það haft áhrif á þessar niðurstöður. Gildin frá haustinu 2015 voru hærri í flestum tilvikum en þá var ein sýnatökuholan þurr og bilun hafði orðið í hreinsivirkinu vegna uppsöfnunar fitu frá sláturúrgangi. Nú er öllu blóðvatni keyrt upp í hauginn og fita látin setjast. Einnig er notaður fituleysir frá Kemi í hreinsivirkið til að varna því að kerfið stýflist.

Engar kvartanir vegna svæðisins hafa borist eftirlitsaðila eða rekstraraðila og engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Keyrt var um svæðið og aðstæður skoðaðar. Svæðið var snyrtilegt á að líta og ekki sjáanleg merki um fok eða ófullnægjandi frágang. Girðingum er vel við haldið og girt er allan hringinn í kringum urðunarstaðinn. Rekstraraðili leggur mikla vinnu í að halda girðingum og nærsvæði hreinu. Farið er að lágmarki 2 sinnum á ári um allt nærsvæðið og hreinsað upp það sem fokið hefur og gengið er reglulega meðfram girðingum og rusl fjarlæggt.

Greina mátti slý í frárennislæk en ekki óeðlilega mikið miðað við árstíma. Engin óeðlileg lykt var til staðar og var frárennislækurinn snyrtilegur að sjá. Enga uppsöfnun mátti greina við viðtaka frárennislæks og ekki var að sjá fokrusl í fjörunni í Stekkjarvík. Daglega er gengið frá urðunarreinum og sláturúrgangur hulin með timburkurli.

1200L færangur olíutankur er staðsettur á urðunarsvæðinu til notkunar fyrir vinnuvélar. Öll úrgangsolía af tækjum er sett í úrgangsolíutank og sótt af Olíudreifingu.

Staðfest afrit ábyrgðartryggingar v/bráðamengunar var afhent í eftirlitinu.

Allar upplýsingar um mælingar, magn úrgangs og framkvæmdir koma fram í grænu bókhaldi. Grænu bókhaldi hefur verið skilað fyrir árið 2015 en útstremisbókhald vantar.

### ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

#### **ANNAÐ**

Stækkun á urðunarhólfinu er í útboði og reiknað er með að framkvæmdum við þá framkvæmd verði lokið í lok nóvember.


Byggingu vélaskemmu er lokið og var hún vígð sama dag og eftirlit fór fram. Þar verður aðstaða til viðgerða og þvotta en fyrirhugað er að steypa þar nýtt plan sem tengt verður olíuskilju.

Í eftirlitinu var haldinn stuttur samráðsfundur með Steinunni Hjartardóttur frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.06.2016



Guðbjörg Stella Árnadóttir